






Sigketill í Öræfajökli. Mælingar TF-FMS, 18. nóv. – 11. des.

Hægt hefur á stækkun ketilsins á tímabilinu 27. nóv.-11. des. Afl jarðhitans er sennilega milli 100 og 150 MW, sem er svipað og sést hefur í sigkötlum í Bárðarbungu og víðar.





Í ljósi þess hve hratt ketillinn stækkaði fyrri hluta nóvember verður að teljast sennilegt að þá hafi runnið fram vatn sem safnast hafði fyrir undir katlinum í margar vikur eða jafnvel mánuði.

Úrvinnsla: Gögn TF-FMS eru mælingar úr flughæðarradar (C-band, bylgjulengd 7 cm) og þegar mælt er að vetrarlagi á hájöklum eins og Öræfajökli þarf að leiðrétta fyrir svokallaðri kuldabylgju. Hjarnið frýs á veturna og þá kemur endurkast ekki frá yfirborðinu heldur frá fleti niðri í hjarninu þar sem það er við frostmark. Ef miðað er við fyrstu mælingu, 18. nóv. er þessi leiðrétting talin vera 30 cm 27. nóv. og 85 cm 11. desember. Með leiðréttingunni næst gott samræmi milli hæðarmælinga utan við ketilinn. Innbyrðis nákvæmni mælinganna er talin 1 metri.



Dags	Rúmmál milljón m ³	Mesta dýpi	Afl MW
18. nóv	3,3	17 m	?
27. nóv	4,4	21 m	<430
11. des	4,9	23 m	130

Mælilínur 5, 7 og 9 í Öræfajökli



Mælingar TF-FMS 18. nóv. – 11. des. 2017

Frávik frá Pleiades korti sem gert var af Örafajökli 9. ágúst 2017

Mælingarnar sýna að ketillinn er að nánast hringlaga. Þvermál þess svæðis þar sem sigs gætir er 1200-1500 metrar. Sé mælt milli þeirra staða þar sem dýpi er 10% af mesta dýpi fást 1000-1100 metrar. Í samanburði við flesta sigkatla er þessi fremur víður og grunnur enn sem komið er.

